

Svar

mennta- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá Andrési Inga Jónssyni um gjaldfrjálsar tíðavörur í framhaldsskólum.

1. Hvaða framhaldsskólar buðu upp á gjaldfrjálsar tíðavörur við upphaf yfirstandandi skólaárs og hverjir ekki?

Ráðuneytið sendi fyrirspurnina til þeirra framhaldsskóla sem tilgreindir eru í meðfylgjandi töflu, alls 32, og óskaði eftir svörum við 1. og 2. tölul. fyrirspurnarinnar. Svör bárust frá öllum skólunum. Samkvæmt svörum skólanna buðu þrjátíu framhaldsskólar upp á gjaldfrjálsar tíðavörur við upphaf yfirstandandi skólaárs en tveir þeirra ekki, sbr. töflu.

2. Var aðgengi takmarkað að gjaldfrjálsum tíðavörum, þar sem þær voru í boði, með því að það þurfti t.d. að nálgast þær á skrifstofu skólans eða var þeim komið fyrir á öllum salernum skólans?

Í tuttugu og fjórum framhaldsskólum telst ótakmarkað aðgengi að tíðavörum á salernum. Í sex skólum eru tíðavörur aðgengilegar á skrifstofum, í almenningsrýmum eða á hluta salerna. Í eftirfarandi töflu eru svör skólanna sundurliðuð í samræmi við 1. og 2. tölul. fyrirspurnarinnar.

Skóli	Voru tíðavörur aðgengilegar við upphaf skólaárs?	Er aðgangur að tíðavörum takmarkaður?
Borgarholtsskóli	Já	Nei. Gott aðgengi er að gjaldfrjálsum tíðavörum á nemendasalernum.
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Já	Nei. Gjaldfrjálsar tíðavörur eru á öllum salernum.
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	Nei	
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Já	Tíðavörur eru aðgengilegar á skrifstofu skólans.
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Já	Tíðavörur eru aðgengilegar á skrifstofu skólans.
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Já	Nei. Tíðavörur eru aðgengilegar á öllum salernum skólans.
Fjölbrautaskólinn í Ármúla	Já	Tíðavörur eru aðgengilegar á skrifstofu skólans.
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Já	Þær eru í boði á þremur salernum, tveimur í aðalbyggingu skólans og í verknámsbyggingu. Einnig eru tíðavörur aðgengilegar á bókasafni skólans.
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Já	Tíðavörur eru aðgengilegar á borði fyrir framan skrifstofu náms- og starfsráðgjafa og á borði í bókasafni skólans.

Skóli	Voru tíðavörur aðgengilegar við upphaf skólaárs?	Er aðgangur að tíðavörum takmarkaður?
Flensborgarskólinn í Hafnarfirði	Já	Nei. Tíðavörur eru aðgengilegar á salernum skólans.
Framhaldsskólinn á Húsavík	Já	Nei. Tíðavörur eru aðgengilegar bæði á salerni og á skrifstofu skólans.
Framhaldsskólinn á Laugum	Nei	
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	Já	Nei. Tíðavörur eru aðgengilegar á kvennasalernum skólans.
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	Já	Nei. Tíðavörur eru aðgengilegar á salernum skólans.
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Já	Nei.
Kvennaskólinn í Reykjavík	Já	Nei. Aðgengi er ekki takmarkað. Gjaldfrjálsar tíðavörur eru í boði á öllum salernum skólans.
Menntaskóli Borgarfjarðar	Já	Nei. Tíðavörur eru aðgengilegar á salerni skólans.
Menntaskóli í tónlist	Já	Nei. Tíðavörur eru aðgengilegar á salernum skólans.
Menntaskólinn að Laugarvatni	Já	Nei. Tíðavörur eru í boði á salernum skólans.
Menntaskólinn á Akureyri	Já	Nei. Þær eru í boði á snyrtingum.
Menntaskólinn á Ísafirði	Já	Nei. Tíðavörur eru í boði á salernum.
Menntaskólinn á Tröllaskaga	Já	Nei. Er í boði við öll salerni skólans.
Menntaskólinn á Egilsstöðum	Já	Nei. Þeim er komið fyrir á flestum salernum skólans sem eru ókyngreind og á kvennasalernum.
Menntaskólinn í Kópavogi	Já	Nei. Hægt er að nálgast tíðavörur gjaldfrjálst á nokkrum kvennaklósettum í tveimur álmum skólans sem og á skrifstofu skólans.
Menntaskólinn í Reykjavík	Já	Nei. Aðgengi er ótakmarkað, þ.e. þeim er dreift á salerni skólans, í íþrótt húsi og hjá hjúkrunarfræðingi.
Menntaskólinn við Hamrahlíð	Já	Nei. Þær eru í boði í körfum í opnu rými fyrir framan almenningssalerni.
Menntaskólinn við Sund	Já	Þær eru í boði á skrifstofu og nokkrum salernum til þess að minnka sóun.
Myndlistaskólinn í Reykjavík	Já	Nei. Tíðavörur eru aðgengilegar á öllum salernum.
Tækniskólinn	Já	Nei. Það eru gjaldfrjálsar tíðavörur á öllum kvennasalernum og flestóllum ókyngjaskiptum.
Verkmenntaskóli Austurlands	Já	Nei. Tíðavörur eru aðgengilegar á salernum skólans.
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Já	Nei. Tíðavörur eru aðgengilegar á snyrtingum kvenna.
Verzlunarskóli Íslands	Já	Nei. Tíðavörurnar eru á nokkrum salernum í skólanum þannig að aðgengi er gott.